

Samþykkt um götu- og torgsölu í Reykjavík

**1.gr.
Tilgangur og almennar forsendur**

Götu- og torgsala glæðir borgina lífi og eykur við fjölbreytni í starfsemi og þjónustu í miðborginni. Götu- og torgsala á að vera lykill að áhugaverðari, litríkari og sjálfbærari borg.

Samþykkt þessari er ætlað að tryggja að vel sé að þessum málaflokki staðið, sölustarfsemi sé í sátt við nærumhverfi sitt og að upplýsingar séu aðgengilegar og gegnsæjar.

Götu- og torgsala á við um hvers kyns sölustarfsemi sem fer fram utanhúss og á almannafæri, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og í almenningsgörðum. Götu- og torgsala er leyfisskyld og eru leyfi gefin út í tilgreindan tíma. Minniháttar góðgerðasölur, s.s. tombólur barna og ungmenna, eru ekki leyfisskyldar skv. samþykkt þessari. Önnur sala, sem hvorki krefst yfirbyggingar né sérstakrar aðstöðu að neinu leyti, t.d. dagblaðasala er heldur ekki leyfisskyld skv. samþykkt þessari. Ávallt ber þó að gæta hreinlætis og er söluaðila skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt snyrtilegt

Sölustarfsemi getur m.a. farið fram í:

- sölibifreið þar sem afgreitt er út um söluop,
- söluvagni sem dreginn er af bifreið eða á annan hátt,
- söluskála, tjaldi, sölibás,
- opnu rými undir berum himni t.d. á borði, undir sólhlíf, á teppi eða sambærilegu.

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) er umsjónaraðili götu- og torgsölu og sér um leyfisveitingar, eftirlit og upplýsingagjöf. USK skipar sérstaka nefnd til að fara með málefni **um götu- og torgsölu** f.h. Reykjavíkurborgar á grundvelli samþykktar þessarar.

Leyfisveiting byggir á mati umsóknar þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi, umfangi og umgjörð hennar, vöruframboði, sölutíma, staðsetningu, últli söluaðstöðu og afmörkuðu rými sölusvæðis. Meginreglan er að sölibifreiðar séu í bílastæðum en söluvagnar og önnur söluástaða á torgum, gangstéttum og í almenningsgörðum.

Forsendur fyrir notkun á opinberum vegi og borgarlandi er að björgunaraðilar s.s. lögregla, slökkvilið og sjúkraflutningar hafi þar ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfsskilyrði. Leyfishafi skal ávallt skila sölusvæði sínu hreinu og í sama ástandi og hann tók við því. Skemmdir á umhverfi sölusvæðis af völdum leyfishafa verða lagfærðar af USK á kostnað viðkomandi leyfishafa.

Á sölusvæði er hvorki gert ráð fyrir tengingum við fráveitu né vatnsveitu. Á einstaka sölusvæðum er boðið upp á tengingu við rafveitu. Þar greiðir leyfishafi fyrir rafmagnsnotkun ýmist fast gjald eða samkvæmt orkumæli.

Aðrir skilmálar eru meðal annars:

- Götu- og torgsöluleyfi er ekki hægt að framselja eða framleigja.
- Handhafi götu- og torgsöluleyfis skal greiða leyfisgjald sem kveðið er á um í samningi milli leyfishafa og leyfisveitanda við afhendingu leyfis.
- Götu- og torgsala má ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar eða birgja glugga rekstraraðila á sölusvæðinu. Gerð er sú krafa að frí gangstéttarbreidd sé minnst 150 sem og að lágmarks fjarlægð frá inngangi rekstraraðila sé 7 metrar.
- Leyfishafa er óheimilt að stunda götu- og torgsölu annars staðar en leyfið kveður á um.
- Tryggja skal að ekki hljótist mengun af starfseminni.
- Samningur um söluleyfi fyrir götu- og torgsölu tekur ekki til sölu á borgarhátíðum s.s. 17. júní, Menningarnótt og Gay Pride.

2. gr. Umsóknarferli

- Umsókn um afnot af opinberu svæði vegna götu- og torgsölu skal send USK í síðasta lagi einum mánuði áður en sölustarfsemi skal hefjast.
- Umsækjandi um götu- og torgsöluleyfi getur nálgast eyðublöð og upplýsingar á vefsíðinni: www.reykjavik.is/gotuogtorgsala
- Í umsókn skal m.a. tilgreina ósk um staðsetningu og gildistíma, nákvæmar upplýsingar um söluvagn/bifreið; stærð, þyngd, söluop o.s.fr., sorpílat, orkugjafa og eftir atvikum raforkuþörf (kW) sölustarfseminnar. Auk þess skulu fylgja myndir af söluaðstöðu og tilhögun á sölusvæðinu.
- Handhafi götu- og torgsöluleyfis skal uppfylla ákvæði laga nr. 28/1998 um verslunarvatninnu.
- Umsækjandi sem selja vill matvæli skal sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b. (með síðari breytingum) og skila með umsókn.
- Einnig þarf að sækja um starfsleyfi vegna sölu á merkingarskyldri efnavöru s.s. snyrtivörum til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. og skila með umsókn.
- Sækja þarf sérstaklega um sölu á borgarhátíðum til USK á grundvelli reglna sem Höfuðborgarstofa setur með minnst tveggja mánaða fyrirvara.
- Áður en umsókn er tekin til afgreiðslu skal USK afla umsagna þeirra aðila, sem þörf er á hverju sinni, s.s. lögreglustjóra, eldvarnaeftirlits, mannvirkjastofnunar og heilbrigðiseftirlits.

3. gr. Fjórir valkostir um götu- og torgsölu

MARKAÐSSALA EINYRKJAR

Hægt er að sækja um tímabundin söluleyfi sem gilda á skilgreindum markaðssvæðum. Sala er heimiluð frá kl. 09:00-18:00 og getur leyfishafi óskað eftir framlengingu til kl. 21:00. Leyfin gilda að hámarki í þrjá mánuði í senn. Á markaðssvæðum er heimilt að selja ávexti, grænmeti, blóm, ýmis handverk og smávöru. Gerð er sú krafa að útlit söluaðstöðu fari vel í umhverfinu og að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi þar sem salan á að eiga sér stað.

Settir eru fyrirvarar um að merkingar á söluaðstöðu og sölusvæði séu í fullu samræmi við umfang og eðli sölustarfseminnar. Gerð er krafa um að söluvarningur sé viðbót við það vöruframboð sem fyrir er hjá nærliggjandi verslunar- og þjónustuaðilum.

- Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem markaðssvæði: Ingólfstorg , Lækjartorg, Austurstræti og Miðbakki/Austurbakki og getur leyfishafi flutt sig milli þessara staða að vild. Sjá nánar kort á: www.reykjavik.is/gotuogtorgsala.
- Leigugjald er 20.000 kr. á mánuði.

Söluaðilum er gefinn kostur á því að kynna fyrir USK tillögur að öðrum sölusvæðum sem verða skoðaðar og eftir atvikum samþykktar til reynslu af nefnd um götu- og torgsölu. Sölusvæði geta tekið breytingum á leyfistímanum.

Leyfishafa er skyld að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu og skulu engin ummerki vera um starfsemina utan þess tíma sem skilgreindur er í leyfissamningi. Verði á því misbrestur geta borgaryfirvöld látið fjarlægja söluvagn og annað það er tilheyrir sölustarfseminni og látið þrífa svæðið á kostnað leyfishafa.

Borgarráð getur breytt gjaldskránni samhliða fjárhagsáætlunargerð.

MARKAÐSSALA STÆRRI VIÐBURÐIR

Hægt er að sækja sérstaklega um afnot af borgarlandi utan skilgreindra sölusvæða götu- og torgsölu, fyrir stærri markaði í margvíslegum tilgangi. Skilgreina þarf í umsókn óskir um landsvæði, stærð þess og staðsetningu, tímalengd afnota, fjölda söluaðila, vöruframboð, útlit og umgjörð sölustarfsseminna.

DAGSALA

Hægt er að sækja um söluleyfi á skilgreindum dagsölusvæðum. Sala er heimiluð frá kl. 09:00 – 18:00 og getur leyfishafi sótt um framlengingu til kl. 21:00. Gerð er sú krafa að útlit söluaðstöðu fari vel í umhverfinu og að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi þar sem salan á að eiga sér stað.

Settir eru fyrirvarar um merkingar og vöruframboð og lögð áhersla á að söluvarningur sé viðbót við það vöruframboð sem fyrir er hjá nærliggjandi verslunar- og þjónustuaðilum.

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem dagsölusvæði fyrir söluvagna. Hér er t.d. átt við vagna sem dregnir eru af bifreið eða á annan hátt að og frá sölusvæði. Óheimilt er að staðsetja bifreið á sölusvæði nema rétt á meðan tenging og aftenging á sér stað og skal undirbúnningur flutnings taka mið því:

- Káratorg, 1 stæði, ársleyfi 100.000 kr., –
- Frakkastígur/Skólavörðuholt, 1 stæði, ársleyfi 150.000 kr.
- Mæðragarður, 1 stæði, ársleyfi 150.000 kr.,-
- Óðinstorg, 1-2 stæði, ársleyfi 100.000 kr.,-
- Fógetagarður, 2 stæði, ársleyfi 100.000 kr.,-

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem dagsölusvæði fyrir sölibifreiðar eða söluvagna:

- Hafnarsvæðið, Miðbakki og Austurbakki, 2 stæði, ársleyfi 150.000 kr.
- Geirsgötuplan, 2 bílastæði, ársleyfi 150.000 kr.
- Hlemmur, 1 stæði, ársleyfi 100.000 kr.

Söluaðilar geta komið með tillögur að öðrum sölusvæðum sem verða skoðaðar og eftir atvikum samþykktar til reynslu. Söluaðilar geta þannig sótt um söluaðstöðu frá bílastæðum eða öðrum hentugum stöðum í borginni til nefndar um götu- og torgsölu. Gerð er krafa um að fyllsta öryggis vegfarenda verði tryggt á slíkum sölusvæðum. Eigendum sölubifreiða er sérstaklega bent á þennan valskost þ.e. að nýta hentug bílastæði í þessum tilgangi. Tilgreind sölusvæði geta tekið breytingum á leyfistímanum.

Leyfishafa er skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu og skulu engin ummerki vera um starfsemina utan þess tíma sem skilgreindur er í leyfissamningi. Verði á því misbrestur geta borgaryfirvöld látið fjarlægja söluvagn og annað það er tilheyrir sölustarfseminni og látið þrífa svæðið á kostnað leyfishafa.

Borgarráð getur breytt gjaldskránni samhliða fjárhagsáætlunargerð.

NÆTURSALA

Hægt er að sækja um leyfi fyrir söluvagna og sölubifreiðar á skilgreindum nætursölusvæðum., Sala er heimilið frá kl. 22:00 – 04:00. Almennt skal miða sölustarfsemi við lokun vínveitingahúsa og tekur framangreind tímasetning mið af því sbr. lög og reglur sem um starfsemina gilda á hverjum tíma.. Gerð er sú krafa að útlit söluaðstöðu fari vel í umhverfinu og að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi þar sem salan á að eiga sér stað.

Settir eru fyrirvarar um merkingar og vöruframboð og lögð áhersla á að söluvarningur sé viðbót við það vöruúrvval sem fyrir er hjá nærliggjandi þjónustuaðilum.

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem nætursölusvæði fyrir söluvagna, söluskála og tjöld:

- Lækjartorg, 6 stæði, ársleyfi 250.000 kr.
- Gangstétt við Geirsgötuplan, 1-2 stæði, ársleyfi 200.000 kr.

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem nætursölusvæði fyrir sölubifreiðar,söluvagna, söluskála og sambærilegt:

- Lækjargata, 2 bílastæði ársleyfi 200.000 kr.
- Geirsgötuplan, 2 bílastæði ársleyfi 200.000 kr.
- Tryggvagata, 2 bílastæði ársleyfi 150.000 kr.

Söluaðilar geta komið með tillögur að öðrum sölusvæðum sem verða skoðaðar og eftir atvikum samþykktar til reynslu. Söluaðilar geta þannig sótt um leyfi fyrir sölustarfsemi frá bílastæðum eða öðrum hentugum stöðum í borginni til nefndar um götu- og torgsölu. Gerð er krafa um að fyllsta öryggis vegfarenda verði tryggt á slíkum sölusvæðum. Eigendum sölubifreiða er sérstaklega bent á þennan valskost þ.e. að nýta hentug bílastæði í þessum tilgangi. Tilgreind sölusvæði geta tekið breytingum á leyfistímanum.

Leyfishafa er skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu og skulu engin ummerki vera um starfsemina utan þess tíma sem skilgreindur er í leyfisbréfi. Verði á því misbrestur geta borgaryfirvöld látið fjarlægja söluaðstöðu og annað það er tilheyrir sölustarfseminni og látið þrífa svæðið á kostnað leyfishafa.

Borgarráð getur breytt gjaldskránni samhliða fjárhagsáætlunargerð.

4. gr. Skyldur leyfishafa - Umgengni

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til leyfishafa:

- Handhafa götu- og torgsöluleyfis er skylt að sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé ávallt haldið hreinu.
- Handhafa götu- og torgsöluleyfis er sjálfum skylt að sjá um snjómokstur og hálkuvarnir í nánasta umhverfi sínu, þannig að öryggi vegfarenda verði á hverjum tíma tryggt.
- Engin ummerki skulu vera um starfsemina utan skilgreinds sölutíma. Fjarlægja skal söluaðstöðu ásamt öllum aðfluttum búnaði og sorpi af sölusvæði eftir lokun.
- Verði á þessu misbrestur geta borgaryfirvöld látið fjarlægja söluaðstöðu og látið hreinsa sölusvæðið á kostnað leyfishafa.

5. gr. Útlit og merkingar

Ákvörðun um að veita götu- og torgsöluleyfi er háð kvöð um útlit söluaðstöðu. Gerð er sú krafa að útlit söluaðstöðu fari vel í umhverfinu og að efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð sé vandað og við hæfi þar sem salan á að eiga sér stað.

- Óheimilt er að setja upp hvers kyns auglýsingaskilti og merkingar á söluaðstöðu nema í því skyni að auðkenna viðkomandi sölustarfsemi og gilda þar um takmarkanir á stærð og útliti.
- Öll viðföng, ruslafötur, skilti, merkingar og hvað annað sem tilheyrir starfseminni skal staðsetja á fyrirfram skilgreindum stöðum samkvæmt samningi og innan þess svæðis sem leyfið kveður á um. Óheimilt er að hengja skilti eða aðrar merkingar í nærliggjandi tré, húsveggi, skilti, staura o.s.frv. Útstillingarhlutir, skilti o.fl. mega ekki birgja sýn á opinber skilti eða búnað til umferðarstjórnunar eða hindra umferð vegfarenda í borginni.
- Skylt er að merkja söluaðstöðu með upplýsingum um leyfishafa og gildistíma söluleyfis.

6. gr. Uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis

Eftirfarandi ákvæði gilda um uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis:

- Samningur getur hvenær sem er verið afturkallaður ef ákvæði samþykktar þessarar eða önnur atriði samnings hafa verið brotin, án endurgreiðslu leyfisgjalds.
- Samningur getur hvenær sem er verið afturkallaður ef áform eru um að svæðið verði notað í opinberum tilgangi, skal þá endurgreiða leyfishafa eftirstöðvar leyfisgjalds.
- Leyfishafi götu- og torgsölusvæðis getur sagt upp leyfi með eins mánaðar fyrirvara og skal þá endurgreiða leyfishafa eftirstöðvar leyfisgjalds.
- Leyfishafa er gert skylt að laga sig að vega- og byggingaframkvæmdum og viðburðum á götu- og torgsölusvæðum, sem geta leitt til tímabundins flutnings og/eða afturköllunar leyfis. Leyfishafa skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir með fyrirvara. Ekki eru greiddar bætur fyrir tímabundna afturköllun á götu- og torgsöluleyfi vegna veghalds eða annarra verkefna veghaldara og landeigenda, t.d. þar sem lagnir eða leiðslur hafa brostið.

- Við uppsögn leyfis hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja strax söluaðstöðu þ.m.t. alla fylgihlut og innréttigar af sölusvæði. Ef verkið er ekki unnið innan tilgreinds tímafrests áskilur USK sér rétt til að framkvæma þá vinnu á kostnað viðkomandi leyfishafa.

7.gr.

Aðrar reglur og yfirvöld

Höfuðborgarstofa setur sérstakar reglur um fyrirkomulag sölustarfsemi á borgarhátíðum hverju sinni.

Götu- og torgsala skal hlíta gildandi lögum, reglum og viðmiðum sem ná yfir starfsemina og umgjörð hennar, m.a. um leyfilegan opnunartíma. Í þeim tilvikum sem starfsemin krefst frekari leyfa en götu- og torgsöluleyfis skal leyfisumsækjandi afla þeirra.

Við gildistöku samþykktar þessarar falla úr gildi allar eldri reglur og samþykktir er varða götu- og torgsölù.

Samþykktin tekur gildi frá og með 15. nóvember 2012.

Samþykkt í borgarráði